

Reykjavík 23. mars 2021

21030087 SEP/GJJ

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
skrifstofu Alþingis, nefndasvið

101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla – 603. mál, þskj. 1030.

Ríkisendurskoðun hefur þann 18. mars 2021 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um ofangreint þingmál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé nú lagt fram í þriðja skipti með nokkrum breytingum til samræmis við umsagnir sem bárust við meðferð þess á 150. löggjafarþingi.

Þann 30. október 2019 sendi Ríkisendurskoðun efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla og leyfir Ríkisendurskoðun sér að áréttta það sem fram kemur í þeirri umsögn. Nauðsynlegt er að huga að samspili við lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og lög nr. 33/1999, um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Ennfremur óskar Ríkisendurskoðun eftir því að Alþingi taki til heildarendurskoðunar lög nr. 19/1988 en embættið hefur margoft bent á að lögin séu barn síns tíma og að þau hafi ekki að geyma áhrifarík verkfæri til að tryggja skil á ársreikningum til Ríkisendurskoðunar.

Virðingarfyllst,

